



Termix VVX-OR tengigrind

Tengigrind til hitunar á neysluvatni og fyrir lokuð hitakerfi

Notkun

Víða á Íslandi eru uppleyst efni í hitaveituvatninu sem notað er til hitunar eða neyslu. Þessi efni geta valdið útfellingum í lögnum og stjórnbúnaði. Samkvæmt heilbrigðisreglugerð er hitaveituvatn ekki flokkað sem neysluvatn. Yfirleitt eru þessi efni talin skaðlaus, en með tímanum fara þau að hafa áhrif á stjórnbúnað hitakerfa og trufla þannig virkni stjórnbúnaðarins. Hægt er að komast hjá þessu með því að nota varmaskipti sem notar "óhreina" hitaveituvatnið til þess að hita upp hreint ferskvatn til neyslu, eða til upphitunar í lokuðu hringrásahitakerfi.

VVX-OR tengigrindin er með tvo varmaskipta. Annar er til upphitunar á húsnæði, t.d. fyrir lokuð ofna- eða gólfhitakerfi, sem kemur ekki aðeins í veg fyrir að útfellingar trufla stjórnbúnað kerfanna, heldur minnka lokuð kerfi stórlega líkur á tæringarvandamálum með tilheyrandi vatnstjónum.


Hinn varmaskiptirinn er til upphitunar á ferskvatni til neyslu og gerir húseigendum kleift að stilla hitastig heita neysluvatnsins þannig að hætta á brunaslysum minnkar verulega.

Einnig er komið í veg fyrir kísilútfellingu á hreinlætis- og blöndunartæki, sem gerir þrif mun auðveldari, svo ekki sé talað um hina alkunnu hveralykt sem hverfur.

Búnaður

VVX-OR tengigrindin dregur nafn sitt m.a. af því að hún er þróuð í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur. Hún er með öllum hefðbundnum stjórnbúnaði frá Danfoss eins og t.d. AVTB hitastilli fyrir lokaða hringrásarkerfið og AVTQ þrýstistýrðum hitastilli fyrir upphitaða ferskvatnið, búnaður með áratuga reynslu við íslenskar hitaveituaðstæður.

Tenging við kerfi Orkuveitu Reykjavíkur er einstaklega einföld og þægileg



vegna þess að staðsetningar og stærðir á tengistútum í grindinni eru miðaðar við þann búnað sem Orkuveitan þarf að koma fyrir.

Sérstök athygli er vakin á því að Danfoss framleiðir margar aðrar gerðir af tengigrindum, t.d. grindur sem aðeins

eru fyrir heitt neysluvatn, snjóbræðslur, ofna- eða gólfhitun og grindur sem eru bæði fyrir neysluvatn og hitun í húsnæði af hvaða stærð og gerð sem er.

Efni

Öll rör og plötur í varmaskipti VVX-OR tengigrindarinnar eru úr ryðfríu stáli. Allar roratengingar eru skrúfaðar og með völdum gæðapéttingum.

Þá er einnig hægt að fá snyrtilegan skáp úr hvítlökkuðu blikki til þess að hylja grindina á veggnum (sjá mynd að ofan).

VVX-OR tengigrindin er, eins og allar tengigrindur frá Danfoss, afar auðveld í uppsetningu og notkun.


Helstu eiginleikar

- Hönnuð með tilliti til tenginga Orkuveitu Reykjavíkur
- Fæst í mörgum stærðum
- Minni tæringarhætta í hitakerfum
- Minni hætta á vatnstjónum
- Lengri ending á stjórnbúnaði
- Tekur lítið pláss
- Rör og varmaskiptir úr ryðfríu stáli

Termix VVX-OR tengigrind



Tengimynd - dæmi




Tæknilysing:

Vinnuþrýstingur:	PN 16
Hitastig veituvatns:	Tmax = 120 °C
Þrýstingur á köldu vatni:	Pmin = 0,5 bar
Lóðefni í varmaskipti:	Kopar
Þyngd með hlíf:	35 kg með umbúðum
Mál án hlífar:	H 750 x B 500 x D 360
Mál með hlíf:	H 800 x B 540 x D 430
Efni í hlíf:	Hvítlakkað blikk
Stjórnun hringrásar:	AVTB 30 - 100 °C
Stjórnun neysluvatns:	AVTQ þrýstistýrður hitastillir
Varmaskiptir hringrás í VVX 2-3:	XB24-1 40 með einangrun
Varmaskiptir hringrás í VVX 2-5:	XB24-1 50 með einangrun
Varmaskiptir neysluvatn:	XB24-1 40
Hringrásardæla:	Grundfos UPM3 15 x 7 130

Stærðir tenginga:

Hitaveita framrás (1)	20 mm hlaupró
Hitaveita bakrás (2)	20 mm hlaupró
Hringrásarkerfi framrás (3)	20 mm hlaupró
Hringrásarkerfi bakrás (4)	20 mm hlaupró
Upphitað neysluvatn (5)	20 mm hlaupró
Kalt neysluvatn (6)	20 mm hlaupró



Málsetning á tengingum séð ofan frá

Hitakerfi afköst

Gerð tengigrindar	Afköst kW	Hlið 1 hitaveita °C	Hlið 2 hringrás °C	Hlið 1 þrýstifall kPa	Hlið 2 flæði l/min
144H2879 VVX 3 - 4	15	65/35	60/30	2,0	7,5
	20	70/35	63/30	2,1	9,0
	25	75/35	66/30	2,4	10,0
144H2880 VVX 3 - 5	24	65/35	60/30	2,0	11,0
	30	70/35	63/30	2,5	13,6
	36	75/35	66/30	3,0	15

Neysluvatn afköst

Afköst kW	Hlið 1 hitaveita °C	Hlið 2 neysluvatn °C	Hlið 1 þrýstifall kPa	Hlið 2 flæði l/min
80	65/25	6/59	11	24,0
100	70/25	6/60	10	23,0
125	75/25	6/60	16	29,5
80	65/25	6/59	11	24,0
110	70/25	6/60	10	29,0
125	75/25	6/60	14	33,1

Danfoss hf • Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími 510 4100 • vidskiptavinir.is@danfoss.com

Danfoss hf tekur ekki ábyrgð á hugsanlegum villum í bæklingum eða öðru prentuðu máli. Danfoss áskilur sér allan rétt til breytinga á framleiðslu sinni, án undangenginnar viðvörunar, þar á meðal á vörum sem eru í þöntun, svo framarlega sem það veldur ekki breytingum á umsömdum gildum. Öll vörumerki í tæknilysingunum tilheyra viðkomandi fyrirtækjum. Danfoss nafnið og Danfoss vörumerkið eru eign Danfoss A/S. Öll réttindi áskilin.